

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarsveit.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 22. janúar 2025 óverulega breytingu á deiliskipulagi Grafar II, L207694.

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í gildi er deiliskipulag Grafar II frá 2. september 2024 og er einungis gerð textabreyting í skilmálum er varðar hæð íbúðarhúss og fermetrafjölda gestahúsa.

Deiliskipulagið var auglýst samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hvalfjarðarsveit, 23. janúar 2025.

Jökull Helgason skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 6. febrúar 2025